



Fundargerð

ÁRSFUNDAR

Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar 2021

Haldinn þriðjudaginn 12. maí 2021 kl. 13:00

í Sigtúni 42, Reykjavík

Formaður stjórnar, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Fundargestir voru 12 alls, stjórn, starfsmenn og einn gestur sem tengdist fundinum rafrænt með TEAMS en tveir stjórnarmenn og þrír starfsmenn tengdust fundinum einnig rafrænt.

1. Skýrsla stjórnar

Formaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar sem er eftirfarandi:

Fundarstjóri, ágætu fundarmenn og sjóðfélagar.

Árið 2020 var gott ár fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkur hvað varðar ávöxtun. En árið var bæði sérstakt og erfitt vegna Covid-19. Í byrjun árs var heimsfaraldur orðinn staðreynd sem leiddi til áfalla í efnahagslífinu í nær flestum löndum og ekki síst á eignamörkuðum sem sjóðurinn starfar á. Mikill samdráttur varð í efnahagslífi landsins en þó einna mest í ferðaþjónustunni.

Þrátt fyrir það var þróun á skuldabréfamarkaði sjóðnum hagstæð, og ávöxtun á bæði innlendum og erlendum hlutabréfamarkaði góð en til viðbótar var gengisþróunin hagstæð.

Á síðasta ári var raunávöxtun sjóðsins 4,4% og nafnávöxtun nam 8,1%. Þetta er nokkuð yfir meðaltali raunávöxtunar síðastliðinna ára en 5 ára meðaltalið er 3,6% og 10 ára meðaltalið er 3,9% og því yfir því viðmiði sem lífeyrissjóðir nota við útreikning á tryggingafræðilegri stöðu sem er 3,5%.

Verðbólga hefur verið nokkuð stöðug undanfarin ár en á árinu 2020 hækkaði vísitala neysluverðs nokkuð eða um 3,6% á árinu.

Innlendir markaðs- og stýrivextir hafa lækkað síðustu misseri og sú þróun hélt áfram á árinu 2020, sérstaklega í kjölfar Covid-19 faraldursins. Allar skuldabréfavísitölur Kauphallarinnar hækkuðu þannig að innlendur skuldabréfamarkaður skilaði góðum gengishagnaði sem bættist við ávöxtun skuldabréfanna.

Annað árið í röð var ávöxtun á innlendum hlutabréfamarkaði góð en vísitala hlutabréfa hækkaði um 29,8%. Þá var ávöxtun erlendra hlutabréfa einnig góð en heimsvísitala hlutabréfa mæld í Bandaríkjadal hækkaði um 15,9% en að teknu tilliti til veikingar íslensku krónunnar var niðurstaðan jákvæð ávöxtun upp á 21,8%.

Sjóðurinn hefur unnið eftir hluthafastefnu og stefnu um ábyrgar fjárfestingar með það að markmiði að stuðla að góðum stjórnarháttum og sjálfbærni. Á heimasíðu sjóðsins er opinberlega skráð hvernig þessi framkvæmd er. Á hverju ári hafa verið tekin skref til að innleiða svonefnd UFS viðmið í



fjárfestingar sjóðsins. Við mat á fjárfestingakostum hjá sjóðnum hefur verið lögð aukin áhersla á greiningu á umhverfis-, félags- og stjórnarháttum en ljóst er að ein stærsta áskorun komandi ára snýr að umhverfismálum.

Stjórn sjóðsins hefur mótað þá stefnu að eignir sjóðsins skuli vera áhættulitlar. Það dregur úr sveiflum á ávöxtun sjóðsins og styrkir markmið sjóðsins um að ekki muni reyna frekar á bakábyrgð Reykjavíkurborgar.

Rekstur sjóðsins 2020

Áhrif Covid setti sitt mark á starfsemina á árinu. Vegna sóttvarnarfyrirmæla var móttaka sjóðsins lokað stóran hluta af árinu og afgreiðsla erinda fór fram í gegnum síma eða á netinu. Á tæpri viku var starfsemi sjóðsins gjörbreytt og meirihluti starfsmanna vann heiman frá sér. Engu að síður gekk starfsemin vel en því má þakka að sjóðurinn hefur á undanförunum árum tekið stór skref í stafrænum lausnum sem komu sér vel í þessum aðstæðum.

Heildareignir sjóðsins voru í árslok 2020 rúmir 87,1 ma.kr. og hækkuðu um 4,2 ma.kr. á milli ára. Fjárfestingatekjur námu 6,8 ma.kr. og rekstrarkostnaður var 188 m.kr. Nánar verður greint frá ársreikningi sjóðsins síðar á fundinum.

Á árinu 2020 greiddu 250 sjóðfélagar iðgjöld að meðaltali á mánuði samanborið við 290 árið á undan og fjöldi sjóðfélaga voru í árslok 16.070 samanborið við 16.210 árið undan.

Heildargreiðslur lífeyris á árinu námu 5,7 ma.kr. en voru tæpar 5,4 ma.kr. á árinu 2019. Að meðaltali greiddi sjóðurinn mánaðarlegan lífeyri til 3.599 sjóðfélaga en á árinu 2019 voru þeir að meðaltali 3.473.

Samkvæmt lögum verða lífeyrissjóðir að eiga eignir til að mæta skuldbindingum sínum. Þessi sjóður er undanþeginn framangreindu ákvæði þar sem Reykjavíkurborg er með bakábyrgð á skuldbindingum sjóðsins.

Samþykktir sjóðsins gera ekki ráð fyrir að iðgjöld og ávöxtun eigna hans dugi fyrir skuldbindingum sjóðsins og því greiða launagreiðendur mánaðarlega aukaframlag sem nemur 73% af greiddum lífeyri. Á árinu 2020 nam aukaframlagið 2,9 ma.kr. samanborið við 2,6 ma.kr. 2019.

Samkvæmt niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar á stöðu í lok árs 2020, að teknu tilliti til aukaframlagsins nema eignir sjóðsins umfram skuldbindingar um 10,2 ma.kr. Á árinu 2020 var samþykkt tillaga tryggingastærðfræðings að gera upp skuldbindingar vegna starfsmanna Leikskóla Reykjavíkurborgar og Velferðarsviðs Reykjavíkur með skuldabréfum sem Reykjavíkurborg greiddi inn til sjóðsins við sölu á eignarhlut sínum í Landsvirkjun. Megintilgangur þessa uppgjors var að draga úr endurgreiðslu borgarsjóðs til sjóðsins þar sem áframhaldandi óbreytt fyrirkomulag mun leiða til eignasöfnunar umfram skuldbindingar. Ákvörðun um þetta uppgjör hefur engin áhrif á bakábyrgð Reykjavíkurborgar á lífeyrisskuldbindingum.

Samkvæmt samþykktum sjóðsins er stjórnin skipuð fimm stjórnarmönnum og jafnmörgum varamönnum. Reykjavíkurborg skipar þrjá stjórnarmenn og tveir eru skipaðir af Sameyki. Skipunartími stjórnarmanna er fjögur ár og tók ný stjórn til starfa í september 2018. Aðalmenn í stjórn sjóðsins frá þeim tíma eru Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður stjórnar, Janus Arn Guðmundsson, Rannveig Ernudóttir frá Reykjavíkurborg og frá Sameyki eru þau Ása Clausen og Þógrímur Hallgrímsson.



Á árinu 2020 voru haldnir 11 stjórnarfundir og einn vinnufundur stjórnar og jafnframt var haldið eitt námskeið fyrir stjórn.

Endurskoðunarnefnd sjóðsins starfaði á árinu samkvæmt starfsskyldum sínum og fundaði nefndin sjö sinnum á árinu 2020. Í endurskoðunarnefnd sitja Birgir Björn Sigurjónsson sem er formaður, Ása Clausen og Gísli Hlíðberg Guðmundsson.

Áhættunefnd fundaði fimm sinnum á árinu 2020 en í áhættunefnd sitja þau Birgir Björn Sigurjónsson og Halldóra Káradóttir.

Starf stjórnar hefur gengið mjög vel og einkennst af áhuga og virkni stjórnarmanna og vil ég nota þetta tækifæri og þakka bæði stjórn og starfsmönnum sjóðsins fyrir gott samstarf og vel unnin störf á liðnu starfsári.

Ég legg þá tillögu fyrir fundinn að fundarstjóri verði Þóra Jónsdóttir og fundarritari Birna Bjarnþórsdóttir.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og lýsti yfir að boðað hefði verið til ársfundarins með þeim hætti sem samþykktir lífeyrissjóðsins gera ráð fyrir, en ársfundurinn var auglýstur í Fréttablaðinu 17. apríl sl. og á heimasíðu sjóðsins. Engar athugasemdir bárust frá fundarmönnum um boðun fundarins og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan. Því næst fór fundarstjóri yfir dagskrá fundarins og kynnti næsta dagskrárlið sem var yfirferð framkvæmdastjóra á ársreikningi sjóðsins.

2. Ársreikningur 2020

Framkvæmdastjóri sjóðsins, Gerður Guðjónsdóttir, kynnti ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og greindi frá því að ársreikningurinn er birtur á heimasíðu sjóðsins. Stjórn og framkvæmdastjóri hafa staðfest ársreikninginn og endurskoðendur sjóðsins hafa áritað ársreikninginn með fyrirvaralausri áritun.

Hrein eign til greiðslu lífeyris hækkaði um 4.209 m.kr. og var 87.083 m.kr. í árslok 2020, sem samsvarar 8,1% nafnávöxtun eða 4,4% raunávöxtun. Meðalraunávöxtun sjóðsins til fimm ára er 3,6% og síðustu 10 ára 3,9%.

Við yfirferð á iðgjöldum kom fram að iðgjöld sjóðfélaga lækkuðu um 12,5% milli ára en framlag launagreiðenda hækkuðu um 13,7%. Samtals námu iðgjöld ársins 3.325 m.kr. Lífeyrisgreiðslur námu 5.720 m.kr. og hækkuðu um 6,0% á árinu. Vísitala lífeyrisskuldbindinga opinberra starfsmanna hækkaði um 8,7% á árinu 2020 en um 2,0% á árinu 2019. Ellilífeyrir vegur sem fyrr þyngst og var 82,8% af greiddum lífeyri á árinu, makalífeyri 13,2% en örorkubyrði sjóðsins var 4,0% af greiddum lífeyrir. Virkum sjóðfélögum fækkar ár frá ári en á árinu 2020 greiddu 250 að meðaltali inn í sjóðinn. Lífeyriþegum fjölga aftur á móti og í árslok voru þeir 3.599. Í lok ársins áttu 16.070 sjóðfélagar réttindi hjá sjóðnum.

Fjárfestingatekjur voru um 6.806 m.kr. og hækkuðu um 117 m.kr. á milli ára. Ávöxtun á árinu 2020 var góð eða þriðja besta raunávöxtun sl. 11 ára. Góð ávöxtun var á innlendum mörkuðum og hækkuðu bæði hlutbréf og skuldabréf. Ávöxtun erlendra hlutabréfa var einnig góð en heimsvísitala



hlutabréfa mæld í Bandaríkjadal hækkaði um 15,9% en að teknu tilliti til veikingar íslensku krónunnar var niðurstaðan jákvæð ávöxtun upp á 21,8%.

Heildareignir sjóðsins voru 87.611 m.kr. í lok árs 2020. Skuldabréf, og þá einkum skuldabréf með ríkisábyrgð, eru sem fyrr veigamest í eignasafni sjóðsins. Ekki varð mikil breyting á eignasamsetningu á milli ára. Hlutfall eigna í erlendri mynt var 10,5% á árinu samanborið við 8,8% á árinu 2019. Kröfur samanstanda af iðgjaldakröfum og fyrirframgreiddum lífeyri. Ýmsar skuldir samanstanda af ógreiddri staðgreiðslu af lífeyrisgreiðslum og ógreiddum verðbréfavíðskiptum um áramót.

Bókfært virði fjárfestinga var 84.315 m.kr. í árslok og er það aukning upp á 3.185 m.kr. á árinu. Mesta aukningin var í eignarhlutum í félögum og sjóðum, bæði hlutfallslega og í krónum talið. Útlán eru sjóðfélagalán og keypt veðskuldabréf fyrirtækja og sveitarfélaga og voru útlán til sjóðfélaga 146 m.kr. og lækkuðu um 32% á árinu vegna uppgreiðslu á lánnum. Engin ný veðskuldabréf voru keypt á árinu.

Fundarstjóri bauð gestum upp á umræður og fyrirspurnir um fyrstu tvo dagskrárliðina.

Engar spurningar. Kynntur var næsti dagskrárliður og bauð fundarstjóri Gerði Guðjónsdóttur, framkvæmdastjóra sjóðsins að kynna skýrslu um tryggingafræðilega athugun.

3. Tryggingafræðilega athugun

Framkvæmdastjóri sjóðsins gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt Bjarna Guðmundssonar, tryggingastærðfræðings, á stöðu sjóðsins í árslok 2020. Árlega er gerður samanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda við skuldbindingar vegna greiðslu lífeyris. Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum er byggt á forsendum sem eru háðar óvissu.

Farið var yfir aðferðafræði og helstu reikniforsendur útreikninga en óverulegar breytingar voru á reikniforsendum frá fyrra ári en Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga samþykkti núverandi reiknigrundvöll við mat á eftirlauna- og örorkuskuldbindingum á árinu 2018. Örorkubyrgði sjóðsins er lítil og miðað er við meðaltal úr athuguninni fyrir örorkulíkur karla en 67% fyrir konur. Við mat á rekstrarkostnaði er notuð fráviksaðferð vegna þess að líftími sjóðsins er styttri en líftími sjóða sem opnir eru nýjum sjóðfélögum og gert er ráð fyrir að kostnaður verði sama hlutfall af skuldbindingum sjóðsins til framtíðar núvirt með 3,5% vöxtum en ekki í samræmi við leiðbeiningar um óbreyttan kostnað í 50 ár.

Sjóðurinn nýtur bakábyrgðar sveitarfélagsins. Samþykktir sjóðsins gera ekki ráð fyrir að iðgjöld og ávöxtun eigna dugi fyrir lífeyrisgreiðslum. Reykjavíkurborg og aðrir launagreiðendur greiða aukaframlag sem nemur 73% af greiddum lífeyri. Á árinu 2007 lagði Reykjavíkurborg inn til sjóðsins 24 ma.kr. í formi skuldabréfa sem fengin voru fyrir sölu á hlut borgarinnar í Landsvirkjun. Hluti af virði bréfanna hefur nú verið varið til uppgjörs á skuldbindingu leikskóla og velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Heildarstaða sjóðsins jákvæð um 10,2 ma.kr. Áfallnar skuldbindingar, það eru réttindi sem sjóðfélagar eru búnir að ávinna sér, eru um 108,8 ma.kr. Framtíðar skuldbindingar, þ.e. áætluð réttindi sem núverandi sjóðfélagar eiga eftir að ávinna sér, eru 3,2 ma.kr. Skuldbindingar samtals



eru um 112,0 ma.kr. en eignir eru samtals 122,2 ma.kr. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er því jákvæð upp á 9,1%.

Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir um 3. dagskrárlið. Engar spurningar. Fundarstjóri bauð Svandísi Rún Ríkarðsdóttur, sviðsstjóra eignastýringar að fara yfir næsta dagskrárlið.

4. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt

Svandís Rún Ríkarðsdóttir, sviðsstjóri eignastýringar, kynnti fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2021.

Fram kom að markmið stjórnar er að hafa varkára fjárfestingastefnu svo ekki reyni frekar á bakábyrgð Reykjavíkurborgar. Eignasamsetning sjóðsins er í samræmi við lög og stefnur, sbr. heimildir VII. kafla laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar og hluthafastefnu. Við ákvörðun um samsetningu eigna í fjárfestingarstefnu sjóðsins er horft til stefnu um eignaflokka, núverandi ávöxtunar og væntanlegrar útgáfu og skráningar og annarra þátta sem talið er að kunni að hafa áhrif á fjárfestingarumhverfi og möguleika sjóðsins til ávöxtunar.

Hlutfall ríkisbréfa heldur áfram að dragast saman en ávöxtunarkrafa skuldabréfa með ábyrgð ríkissjóðs hefur lækkað verulega auk þess sem reglulega er greitt af ríkisbréfum. Ávöxtunarkrafa annarra skuldabréfa hefur jafnframt gefið vel eftir. Áframhaldandi skref eru tekin til að auka vægi erlendra hlutabréfa í stefnu sjóðsins. Horft er til þess að aukning í þeim eignaflokki muni halda áfram næstu árin enda hentar hann vel til uppbyggingar eigna. Hlutfall alþjóðlegra hlutabréfa er ekki hátt í sjóðnum en út frá áhættudreifingu og ávöxtunarmöguleikum er mikilvægt að taka skref í átt til að auka vægið

Ákveðið var að draga úr skuldabréfum og innlánnum úr 84% í 81% og auka við stöðu hlutabréfa og fagfjárfestingasjóða úr 16% í 19%.

Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir um 4. dagskrárlið.

Engar spurningar. Fundarstjóri fór yfir næsta dagskrárlið.

5. Tilnefning stjórnarmanna og varamanna

Núverandi stjórn tók til starfa í september 2018. Engar breytingar hafa verið á stjórnarmönnum á árinu en einn varamaður hætti og annar kom í staðinn. Borgarráð skipaði þrjá stjórnarmenn en það eru Þórdís Lóa Þórhallsdóttir sem er formaður stjórnar, Janus Arn Guðmundsson og Rannveig Ernudóttir. Varamenn þeirra eru Heiða Björg Hilmarsdóttir, Jórunn Pála Jónsdóttir og Kjartan G. Ingvason, en Jórunn Pála Jónsdóttir kom inn sem varamaður í stað Katrínar Atladóttur. Sameyki, starfsmannafélag Reykjavíkurborgar skipaði tvo stjórnarmenn en það eru Ása Clausen og Þorgrímur Hallgrímsson. Varamenn þeirra eru Kolbrún Hauksdóttir og Valgerður Árnadóttir.

Endurskoðunarnefnd er óbreytt frá fyrra ári en nefndarmenn eru Birgir Björn Sigurjónsson formaður, Ása Clausen og Gísli Hlíðberg Guðmundsson.



Áhættunefnd er einnig óbreytt frá fyrra ári en nefndarmenn eru Birgir Björn Sigurjónsson og Halldóra Káradóttir.

6. Kynning á breytingum á samþykktum sjóðsins

Fundarstjóri, sem er jafnframt sviðstjóri réttinda- og lögfræðisviðs, greindi frá því að engar breytingar hafi verið gerðar á samþykktum sjóðsins á árinu 2020 en nógildandi samþykktir tóku gildi 22. október 2019.

Fyrirhugað er þó að gera breytingar á 4. gr. samþykktu sjóðsins vegna ábendingar frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands um að skýra hvort og þá við hvaða aðstæður umboð stjórnarmanna verði afturkallað. Einnig er fyrirhuguð orðalagsbreyting á 22. gr. þannig að skýrt verði kveðið á um að mánaðarlegar endurgreiðslur launagreiðenda (bakábyrgðaraðila) á greiddum lífeyri séu viðbótariðgjöld.

Önnur mál

Engin tillaga var lögð fram um önnur mál.

Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir í lok fundarins.

Fundarstjóri lagði til að hann og fundarritari fengju leyfi fundarins til að ganga frá fundargerð og birta á vefsíðu sjóðsins.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri þakkaði góðan fund og bauð formanni stjórnar orðið til að slíta fundi.

Formaður stjórnar þakkaði stjórn og starfsmönnum sjóðsins fyrir gott samstarf á árinu og framsögumönnum og gestum fyrir góðan fund og sleit að því loknu fundinum.

Fundi slitið kl. 14:00.

Þóra Jónsdóttir, fundarstjóri

Birna Bjarnpórsdóttir, fundarritari